



Hverju skilar Austurland til íslenska hagkerfisins?

Kontext ehf. fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi

17. september 2026


Formáli

Í júlí 2026 gerðu Konráð S. Guðjónsson, fyrir hönd Kontext ehf., og stjórn Sambands sveitarfélaga með sér samkomulag um að Kontext myndi framkvæma greiningu á efnahagslegu mikilvægi Austurlands. Þessi skýrsla er afurð þess. Markmiðið er að kanna efnahagslífið á Austurlandi í víðu samhengi. Lykilspurningar skýrslunnar eru tvær:

1. Hver eru einkenni hagkerfis Austurlands og hver eru umsvifin í samhengi við landið í heild?
2. Hversu mikið af tekjum ríkissjóðs má rekja til Austurlands og hversu mikið af gjöldum ríkissjóðs fara til Austurlands?

Eins og skýrslan ber með sér er efnahags- og atvinnulíf á Austurlandi öflugt og mikilvægt fyrir hagkerfið í heild. Mikilvægt er þó að hafa hafa í huga að það virkar í báðar áttir – aðrir landshlutar eru einnig mikilvægir fyrir aðföng, þjónustu og viðskipti á Austurlandi. Styrkleiki efnahagslífs á einu svæði getur haft áhrif á önnur og ekkert mat er lagt á orsakasamhengi í því samhengi.

Eftir að niðurstöður voru kynntar á Haustþingi SSA hinn 17. september uppgötvaðist lítilsháttar reiknivilla sem breytir niðurstöðum um landsframleiðslu og hagvöxt en um er að ræða óverulegar breytingar sem hafa engin áhrif á þær ályktanir sem draga má af skýrslunni.



Helstu niðurstöður



Austurland stendur í flestum samanburði afar vel í efnahagslegu tilliti. Atvinnuástand er mjög gott og hefur atvinnuleysi verið undir landsmeðaltali. Atvinnutekjur voru 4% yfir landsmeðaltali árið 2025, þrátt fyrir dræmt uppsjávarveiðiár. Á hinn bóginn eru fjármagnstekjur lægri.



Austurland stendur undir um fjórðungi allrar raforkuframleiðslu í landinu - nífalt meira á mann en á landinu öllu. Stór hluti álframleiðslu, fiskeldis, sjávarútvegs og ferðaþjónustu fer fram á Austurlandi sem leiðir til þess að 13% útflutnings árið 2025 má rekja til Austurlands - fimmfalt meira á mann heldur en á landinu öllu.



Með hliðsjón af skiptingu vinnumarkaðar eftir atvinnugreinum og framlagi þeirra til landsframleiðslu má áætla að landsframleiðsla á mann sé 7% meiri en að meðaltali á landinu.



Vegna efnahagsumsvifa, hárra tekna, arðgreiðslna Landsvirkjunar sem rekja má til Fljótsdalsstöðvar og hlutfallslega færri ríkisstarfa en á landsvísu er afkoma ríkisins sem rekja má til Austurlands jákvæð.



Tekjur ríkissjóðs frá Austurlandi eru 53,8 ma.kr. og gjöld 45,2 ma.kr. Afkoman er því jákvæð um 8,6 ma.kr., til samanburðar við 28 ma.kr. halla ríkissjóðs. Á mann er afgangur ríkissjóðs á Austurlandi tæpar 800.000 krónur. Ef miðað er við fjárlagafrumvarp ársins 2027 er afgangurinn í kringum 1.000.000 kr. á mann.



Mat á tekjum og gjöldum ríkissjóðs er háð töluverðri óvissu en jafnvel þó litið sé til víðra vikmarka eða ef arðgreiðslur Landsvirkjunar eru teknar út fyrir sviga þá er staða Austurlands hlutfallslega sterk.



Vegna efnahagslegs mikilvægis svæðisins þarf að stuðla að samkeppnishæfni í víðum skilningi, t.d. í innviðum, samgöngum, regluverki, gjöldum og opinberri þjónustu.


Austurland og íbúarnir




11.211 íbúar
(2,8 % af heild)

15.706 km²
(15% af heild)

Íbúar eftir sveitarfélögum




Hlutfall erlendra ríkisborgara




Karlar


Konur



Fólksfjölgun frá 2016



Aldursdreifing




Heimild: Hagstofa Íslands. Miðað við tölur til 1. janúar 2026.

Tekjugrunnur Austfirðinga sterkur – sem og kaupmáttur


Á Austurlandi eru atvinnuástand og lífskjör almennt séð góð. Það á sér ýmsar birtingarmyndir, t.d. í tekjum skv. staðgreiðsluskrám. Sé horft á sl. 12 mánuði eru launagreiðslur á mann, óleiðrétt fyrir starfshlutfalli, 8% hærri en á landsvísu. Jafnframt eru atvinnuleysisgreiðslur nærri því helmingi lægri en almennt á landinu. Athygli vekur að lífeyrisgreiðslur eru nokkuð lægri á Austurlandi, sem gæti skýrst af lágu hlutfalli opinberra starfsmanna og að stéttir eins og sjómenn hafa sögulega áunnið sér hlutfallslega lakari réttindi í lífeyrissjóðum.

Sé litið til kaupmáttar tekna á mann, hefur hann vaxið álíka mikið á Austurlandi og á landinu öllu frá 2015, eða um 20%. Í þeim samanburði ber að líta til þess að vinnutími hefur almennt styst og því hefur kaupmáttur á vinnustund aukist meira.

Staðgreiðsluskyldar tekjur á mann
- þ.kr. að meðaltali júl. 25 – jún. 26



Staðgreiðsluskyldar tekjur á mann
- þ.kr. á verðlagi 2026



Heimild: Hagstofa Íslands.


Háar atvinnutekjur og meiri tekjujöfnuður

Í skattframtölum fæst heildstæðari mynd af tekjum og nýlega voru birtar slíkar tölur fyrir 2025 sem sjá má hér til hliðar. Tekjur á Austurlandi einkennast af því að atvinnutekjur (einkum laun) eru í hærri kantinum en fjármagnstekjur eru töluvert undir landsmeðaltali. Það hefur í för með sér að tekjujöfnuður, hvort sem horft er á hlutfall meðaltals og miðgildis eða staðalfráviks, er meiri á Austurlandi en á landsvísu.


Tekjur á Austurlandi sveiflast talsvert meira en á landinu öllu sem skýrist að mestu leyti af sveiflum í uppsjávarveiðum sem vikið verður að síðar. Þá ber að hafa í huga að fjármagnstekjur eru ekki aðeins minni á Austurlandi heldur í eðli sínu sveiflukenndar.

Heimild: Hagstofa Íslands.


Árstekjur á mann skv. skattframtölum - m.kr. 2025



Ráðstöfunartekjur á mann 2025 - m.kr. á mann



Meðaltekjur á Austurlandi - % af landsmeðaltali




Störfum hefur fjölgað hægar á Austurlandi en atvinnuleysi er næstum helmingi lægra


Í takt við hægari fólksfjölgun en á landsvísu hefur störfum fjölgað hægar á Austurlandi en á landinu öllu. Sérstaklega hefur skilið á milli eftir heimsfaraldur, þar sem störfum hefur lítið fjölgað á Austurlandi. Það skýrist m.a. af því að störfum í opinberri starfsemi hefur fjölgað mikið á landsvísu, en hlutfallslega minna á Austurlandi.

Þrátt fyrir þetta er atvinnuleysi umtalsvert minna á Austurlandi en á landinu öllu. Svo hefur verið alla þessa öld og við áföll eins og fjármálakreppuna og Covid hefur það aukist mun minna en á landinu öllu. Síðustu misseri hefur atvinnuleysi aukist á Austurlandi en þó hægar en almennt á landinu og það hefur verið 2,4% á árinu hingað til, samanborið við 4,5% á landsvísu ef horft er til mælinga Vinnumálastofnunar.

Fjöldi starfandi
- þúsundir, með lögheimili á Íslandi



Atvinnuleisir
- Skráðir, % af 15-64 ára



Heimildir: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun.


Íbúðaverð á Austurlandi hefur fylgt sveiflum á landsvísu en hefur sótt á

Sterkur vinnumarkaður og góð lífskjör eiga sér ýmsar birtingarmyndir. Frá árinu 2015 hefur íbúðaverð á Austurlandi haldið í við miklar hækkanir á landsvísu, þrátt fyrir hægari fólksfjölgun. Heilt yfir hefur verið hækkad heldur hraðar á Austurlandi og er það sérstaklega áberandi allra síðustu ár. Nú er fasteignaverð 64-73% af landsmeðaltalinu eftir því sem horft er á mismunandi tegundir fasteigna. Hröð hækkun fasteignaverðs er ekki endilega jákvæð tíðindi, eins og íbúar höfuðborgarsvæðisins þekkja, en þó er það yfirleitt afleiðing af því að búseta á svæðinu sé eftirsótt, sem út af fyrir sig er jákvætt.

Eftir stöðnun frá 2008 til 2018 hefur byggingamarkaður tekið vel við sér á ný. Frá 2019 til 2025 hafa verið byggðar að meðaltali um 46 íbúðir á ári og 38 hafa verið fullbúnar það sem af er ári. Frá 2015 hefur íbúðum fjölgað um 8%.

Heimild: HMS.

Íbúðaverð á Austurlandi sem hlutfall af landsmeðaltali
- Fermetrarverð, %



Austurland er orkubú fyrir Ísland


Austurland er gríðarlega mikilvægt atvinnusvæði fyrir Ísland og á það sér ýmsar birtingarmyndir.

Á Austurlandi er stærsta virkjun landsins, Kárahnjúkavirkjun, sem stendur undir nærri fjórðungi allrar raforkuframleiðslu í landinu, og skaffar Fjarðaáli raforku. Einnig framleiða Lagarfossvirkjun og nokkrar smærri virkjanir talsverða orku þannig að 26% af allri raforkuframleiðslu fer fram í fjórðungnum. Þar af leiðandi er raforkuframleiðsla á mann nífalt meiri en á landinu öllu.

Orkuframleiðsla er ein af undirstöðum hagsældar. Í [úttekkt Kontext ehf.](#) fyrir Orkuklasann og Íslandsstofu kom fram að heildarframlag orkugeirans til landsframleiðslu nemi allt að 5-falt því sem mælist beint í þjóðhagsreikningum.

Heimild: Orkuspá Íslands 2025-50.

Orkuframleiðsla




Sjávarútvegur, einkum uppsjávarveiðar, vega mjög þungt á Austurlandi

Sjávarútvegur hefur lengi verið undirstöðuatvinnugrein á Austurlandi sem og víða um land. Þó að aðrar atvinnugreinar hafi vaxið mikið er sjávarútvegur enn lykilatvinnugrein á Austurlandi. Bolfisksveiðar eru mikilvægar og hefur í kringum 10% af öllum bolfisksafla á landinu verið landað á Austurlandi frá 2015.


Uppsjávarveiðar eru enn mikilvægari og hefur í kringum 2/3 af uppsjávarafla landsins verið landað á Austurlandi síðustu ár.

Uppsjávarveiðar eru mjög sveiflukenndar og litast einna helst af sveiflum í loðnuveiðum. Á bls. 5-6 mátti sjá að tekjur einstaklinga á Austurlandi sveiflast mun meira en í öðrum landshlutum og er gangur uppsjávarveiða stærsta skýring þeirra sveiflna.

Uppsjávarfiskur
- Þús. tonn



Bolfiskur og annað
- Þús. tonn




Heimild: Hagstofa Íslands.

Sveiflur í uppsjávarafli fara langt með að skýra hagsveiflur á Austurlandi

Til að sjá hvernig gangur uppsjávarveiða hefur áhrif á Austurland má meðal annars skoða þróun heildarlaunatekna og uppsjávarafli. Almennt er það þannig að þegar uppsjávarafli eykst þá vaxa tekjur hraðar en þegar hann minnkar vaxa tekjur hægar.

Árið 2024 er t.d. gott dæmi, þar sem launatekjur jukust um innan við 3% þrátt fyrir að þær hafi aukist um 7% á landinu öllu. Það ár var loðnubrestur eftir góð ár þar á undan. Árin 2021-2023 var hins vegar góður tekjuvöxtur en þau ár veiddust 147-450 þúsund tonn af loðnu á ári.

Uppsjávarafli og heildarlaunatekjur á Austurlandi
- %-breyting milli ára




Heimild: Hagstofa Íslands.

Fiskeldi og ferðapjónusta eru einnig mikilvæg og vaxandi


Austurland fór ekki varhluta af mikilli fjölgun ferðamanna sem hófst upp úr árinu 2010. Árið 2015 voru gistinætur erlendra ferðamanna á Austurlandi 258.166 og árið 2025 voru þær 393.294. Það er um 5% af heildargistinóttum en aðeins 2,2% gistinóttu á hótélum eru í fjórðungnum. Enn meiri vöxtur hefur verið í gistinóttum íslenskra ferðamanna sem hafa ríflega tvöfaldast frá 2015 hvort sem litið er til hótela eða annarra gististaða.

Fiskeldi er önnur atvinnugrein sem hefur vaxið mikið og úr nánast engu með tilkomu Kaldvíkur (áður Fiskeldis Austfjarða). Á síðasta ári náði framleiðslan 20 þúsund tonnum sem var 37% af heildarframleiðslu í sjókvíaelði.

Gistinætur á Austurlandi
- Þúsundir eftir ríkisfangi



Framleiðsla fiskeldis á Austurlandi
- Þús. tonn




Heimildir: Hagstofa Íslands og MAST.

Fjórðungur af vöruútflutningi landsins frá Austurlandi - 11-falt meira á íbúa en á landinu öllu


Eftir framangreinda yfirferð blasir við að útflutningur Austurlands er mjög mikill í öllu samhengi. Ef litið er eingöngu á vöruútflutning þá nam hann um 224 milljörðum króna á síðasta ári eða 20 milljónum króna á mann. Það er tæplega ellefu-falt meira en í öðrum landshlutum. Hluttur Austurlands í vöruútflutningi var 25% á síðasta ári og hefur verið svipaður síðustu ár.

Þetta mat byggist á nokkrum forsendum. Í fyrsta lagi er miðað við ársreikninga álframleiðandanna þriggja fyrir ál. Í öðru lagi er miðað við landaðan afla eftir uppsjávar- og bolfiski fyrir sjávarafurðir. Í þriðja lagi er miðað við hlutdeild Austurlands í framleiðslu á laxi. Í síðasta lagi er gert ráð fyrir að annar útflutningur fylgi hlutfalli þeirra sem er starfandi í tækni- og hugverkaiðnaði.

Vöruútflutningur 2025
- Ma.kr.




Vöruútflutningur á mann
- þ.kr.



■ Sjávarútvegur ■ Fiskeldi ■ Ál ■ Allt annað

Hluttur Austurlands í heildarvöruútflutningi:




Heimildir: Hagstofa Íslands, MAST, ársreikningar álframleiðenda.

Þjónustan vegur líklega minna, en hvað sem því líður er Austurland útflutningsvél fyrir Ísland

Hér að framan var eingöngu horft til vöruútflutnings, en Ísland hefur á síðustu árum orðið sífellt háðara þjónustuútflutningi, t.d. ferðaþjónustu og starfsemi gagnavera. Sem fyrr segir er ferðaþjónusta mikilvæg á Austurlandi en þar sem millilandaflug er takmarkað og aðeins 5% gistinátta eru í landshlutanum er áætlað að 4% af útflutningstekjum ferðaþjónustu komi frá Austurlandi eða 22 ma.kr. Hvað varðar aðra starfsemi er hér einnig miðað við hlutfall starfa í tækni- og hugverkaiðnaði sem er um 1% af landinu öllu.

Þó að þjónustuútflutningur vegi ekki jafn þungt og vöruútflutningur á Austurlandi er stóra myndin sú sama. Heildarútflutningur frá Austurlandi er um 249 ma.kr. og 22 m.kr. á íbúa sem er um 5-falt meira en í öðrum landshlutum.




Heimildir: Hagstofa Íslands, MAST, ársreikningar álframleiðenda.

Landbúnaður hlutfallslega mikilvægur en fer minnkandi líkt og annars staðar


Eins og í öðrum landshlutum hefur landbúnaður sögulega verið burðarás atvinnulífs. Mikilvægi landbúnaðar fyrir Austurland er ótvírætt, og um 8% bænda eru á Austurlandi. Líkt og annars staðar hefur bæði orðið hagræðing með fækkun bænda og þá hefur fækkað í búfjárstofnum. Vægi landbúnaðar hefur því minnkað þar sem aðrar atvinnugreinar hafa samtímis vaxið. Fækkun sauðfjár og nautgripa hefur verið heldur meiri á Austurlandi en í öðrum landshlutum síðustu ár.

Skortur er á nýlegum, aðgengilegum gögnum um annars konar landbúnað og skógrækt. Miðað við gögn frá 2010 vegur slíkt nokkuð þungt á Austurlandi. Þá voru 11% kartöflubúa, 7% kornræktarbúa, 10% iðnaðarplöntubúa og 2% grænmetisræktenda á Austurlandi. Enn fremur voru 37% nytjaskóga landsins á Austurlandi árið 2010.


Fjöldi bænda
- Búfjáreigendur



Nautgripir og sauðfé á Austurlandi
- þúsundir



Nautgripir og sauðfé á Austurlandi
- % af landinu öllu



Heimildir: Hagstofa Íslands, Mælaborð landbúnaðarins.

Skipting starfandi eftir atvinnugreinum dregur fram sérstöðu Austurlands


Þegar skoða á sérstöðu Austurlands dugir ekki að skoða eingöngu útflutning og einstakar atvinnugreinar heldur þarf að skoða atvinnulífið í heild. Ein leið er að skoða hvernig störf dreifast í samanburði við landið allt. Það má sjá hér til hliðar.

Myndin dregur fram ýmis sérkenni Austurlands, t.d. mikilvægi fiskeldis og sjávarútvegs, auk annarrar framleiðslu, þar sem ál vegur þungt. Á hinn bóginn er vægi heild- og smásölu, upplýsingatækni og atvinnugreina hins opinbera nokkuð minna, svo eitthvað sé nefnt.

Mikilvægt er að hafa í huga að hér er miðað við lögheimili starfsfólks en ekki hvar störfín eru unnin eða hvar framleiðsla á sér stað. Þá er ekki tekið tillit til starfshlutfalls, sem skiptir máli eins og vikið er að síðar.

Hlutfallsleg skipting starfandi

- % 2025



Heimild: Hagstofa Íslands. *Fræðslustarfsemi, opinber stjórnsýsla og félags- og heilbrigðisþjónusta.


Flest bendir til þess að landsframleiðsla á mann sé hærri á Austurlandi en á landinu öllu

Ekki eru til gögn um landsframleiðslu eftir landshlutum. Fyrir liggur þó hversu mikið atvinnugreinar leggja til landsframleiðslu og hvernig störf dreifast eftir atvinnugreinum og landshlutum eins og greint var frá hér að framan. Ef við gerum ráð fyrir því að verðmætasköpun á hvern starfsmann í hverri atvinnugrein sé sú sama um allt land má með þessum gögnum áætla hversu mikið hver atvinnugrein skilar í krónum til Austurlands. Það má síðan reikna yfir á mann og sést hér til hliðar. Niðurstaðan er að landsframleiðsla á mann er 7% meiri á Austurlandi en á landinu öllu.

Ljóst er að þessi nálgun er háð mjög ströngum forsendum. Verðmætasköpun á starfsmann getur verið mismunandi eftir landshlutum og þá skortir gögn um vinnutíma eftir landshlutum. Einnig er stór hluti starfsmanna í greinum sem eru iðkaðar á landsbyggðinni með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Þetta á sérstaklega við um fiskeldi þar sem líklegt er að Austurland sé undirvigtað í þessum samanburði en þar sem rétt er að nálgast þetta mat af varfærni er ekki tekið tillit til þessa. Sama má segja um veitustarfsemi þar sem raforkuframleiðsla á mann er 9-falt meiri á Austurlandi en að meðaltali og til að mæta því er sú starfsemi mjög varfærið vigtuð upp á við til að endurspegla þá staðreynd. Allur þessi samanburður er líka vandasamur því að allir landshlutar eiga í miklum viðskiptum og styðja þannig hver við annan. Því ber ekki að túlka framsetninguna hér sem svo að Austurland gæti staðið eitt og sér með sömu landsframleiðslu.

Landsframleiðsla á mann 2025

- þús. kr.





Heimild: Hagstofa Íslands. *Fræðslustarfsemi, opinber stjórnsýsla og félags- og heilbrigðisþjónusta.

Hagvöxtur minni á Austurlandi en svæðið getur vel viðunað sé horft á landsframleiðslu á starfandi


Samkvæmt framangreindri áætlun er hægt að áætla gróflega hvernig hagvöxtur, þ.e. breyting á vergri landsframleiðslu, hefur verið á Austurlandi síðustu ár. Þegar það er teiknað upp vekur tvennt athygli. Annars vegar hversu ólík hagsveiflan á Austurlandi er hagsveiflunni á landinu öllu. Það sést t.d. á Covid-árinu 2020, þegar hún dróst lítið saman, og á árunum 2014-17 þegar það var almennt samdráttur á meðan mikill hagvöxtur var á landsvísu. Hins vegar að sveiflurnar má, eins og áður var nefnt, rekja að mjög miklu leyti til sveiflna í uppsjávarveiðum. Mikill vöxtur 2021-23, þegar loðna veiddist, og í framhaldinu verulegur samdráttur árið 2024 þegar varð loðnubrestur.

Ekki eru til framleiðnigögn niður á landshluta en miðað við fyrrgreindar forsendur og fjölda starfsemi virðist sem landsframleiðsla á hvern starfandi sé fremur mikil.

Heimild: Hagstofa Íslands.



Rekstur ríkisins og forsendur um rekstur ríkisins á Austurlandi



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Fjárlagaliður	Hluttur Austurlands byggist á:
Tekjur	
Tekjuskattur einstaklinga	Staðgreiðsluskyldum tekjum og launum
Tekjuskattur fyrirtækja	Landsframleiðslu (VLF)
Fjármagnstekjuskattur	Meðalhlotfalli sl. 5 ár
Virðisaukaskattur	Ráðstöfunartekjum
Tryggingagjald	Staðgreiðsluskyldum launum
Arðgreiðslur	VLF og hlut Austurlands í Landsvirkjun
Veiðigjöld	Meðalhlotfalli sl. 5 ár
Fiskeldisgjald	Hlutfall af framleiðslu í sjókvíældi
Aðrar tekjur	VLF í flestum tilfellum
Gjöld	
Laun	Stöðugildi ríkisins
Ymis rekstrargjöld	Stöðugildi ríkisins
Lífeyrisskuldbindingar	Stöðugildi ríkisins
Sjúkra- og lífeyristryggingar	Staðgreiðsluskyldum þess háttar tekjum
Atvinnuleysi	Greiðslum skv. staðgreiðsluskyldum tekjum
Rannsóknir og þróun	Hluttur hugverka- og tækniðnaðar í störfum
Fjárfestingar	Nýfjárfestingum, áætlun um viðhald o.fl.
Fjármagnskostnaður	Íbúafjölda
Önnur gjöld	Íbúafjölda í flestum tilfellum


Miðað er við nýjstu tiltæku gögn nema annað sé tekið fram og það á þá við um mjög sveiflukennða liði. Fundið er hlutfall Austurlands í hverjum lið og það síðan umreiknað yfir í krónur. Í öðrum tekjum og gjöldum er fjöldi minni liða þar sem önnur nálgun er notuð, t.d. er miðað við fjölda 0-1 árs barna fyrir greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og þá liggja ýmis gögn fyrir, eins og um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ekki er horft til þess hver fær þjónustu, eignarhalds o.s.frv. heldur einungis horft á landfræðilegan uppruna tekna og hvert útgjöld ríkisins renna.

Rekstur ríkisins hlutfallslega lítill á Austurlandi

Áður en farið er yfir niðurstöður um ríkisreksturinn á Austurlandi miðað við þær forsendur sem kynntar voru hér á undan er rétt að skoða sérstaklega lið sem vegur þungt, þ.e. hversu hátt hlutfall stöðugilda ríkisins er á Austurlandi. Miðað við tölur Bygðastofnunar er aðeins um 2,3% stöðugilda á Austurlandi þó að þar búi 2,8% íbúanna. Sem hlutfall af 15-64 ára íbúum eru stöðugildin 9,1% en 11,3% á landsvísu – samtals 660 talsins. Árið 2025 fækkaði stöðugildum á Austurlandi, en fjölgaði um 85 á landsvísu. Yfirgnæfandi meirihluti stöðugilda er hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Fyrir utan að þetta skiptir máli fyrir þjónustustig þá hefur þetta áhrif á hversu mikli fjármunir rata úr ríkissjóði til Austurlands. Þar munar mestu um laun og tengd gjöld. Starfsfólki fylgir þó meiri kostnaður en einungis laun, t.d. húsnæði, búnaður og aðkeypt þjónusta.

Heimild: Bygðastofnun.




Minna starfshlutfall og opinber fyrirtæki umsvifaminni


Áhugavert er að skoða nánar hvað einkennir starfsemi ríkisins á Austurlandi. Í fyrsta lagi virðist meðalstarfshlutfall vera mun lægra en á landinu öllu. Það skýrist af því að starfshlutfall á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum virðist mun hærra en er í öðrum landshlutum.

Í öðru lagi er dreifing starfa eftir rekstrarformi öðruvísi en á landinu öllu. Bæði er rekstur svokallaðra annarra opinberra stofnana umsvifaminni í samhengi við íbúafjölda og þá eru starfandi hjá opinberum fyrirtækjum jafnframt hlutfallslega færri, eða samtals 8,7 og er þá ekki tekið tillit til starfshlutfalls.

Starfandi hjá ríkinu
- % af íbúum, ekki tekið tillit til starfshlutfalls



Áætlað meðalstarfshlutfall 2024
- Stöðugildi/starfandi skv. rekstrarformi




Heimild: Hagstofa Íslands (sérvinnsla), Bygðastofnun.

Tekjur ríkissjóðs, sem rekja má til Austurlands, eru mun meiri en íbúafjöldi segir til um

Til að skoða hvað einkennir tekjur ríkissjóðs af Austurlandi er gagnlegt að skoða matið miðað við fyrrgreindar forsendur í samanburði við hverjar tekjurnar væru ef þær væru þær sömu á mann og á landinu öllu. Það má sjá hér til hliðar. Stærsti áhrifaþátturinn eru arðgreiðslur sem eru nærri 6 ma.kr. meiri en landsmeðaltal. Það helgast af því að um 30% af 20 ma.kr. arðgreiðslu Landsvirkjunar reiknast á Austurland. Veiði- og fiskeldisgjöld eru einnig há, sem helgast af miklu vægi fiskveiða og –eldis. Þá er tekjuskattur hærri, sem bæði helgast af hærri staðgreiðsluskyldum tekjum og meiri landsframleiðslu á mann.

Langstærsti liðurinn þar sem tekjur eru undir landsmeðaltalinu eru fjármagnstekjur sem hafa verið þriðjunglægr en á landsvísu sl. 5 ár.

Tekjur ríkissjóðs af Austurlandi
- M.kr. 2026. Áætlun að frádregnu því hverjar tekjur væru ef tekjur dreifðust jafnt á alla íbúa landsins



Heimildir: Fjármálaráðuneytið, mat Kontext. *Miðað við GFS staðal.


Gjöld ríkissjóðs eru einnig meiri, en í mun minna mæli

Ef við skoðum gjöldin með sama hætti og tekjurnar þá er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga stærsta frávikið til hækkunar. Á eftir koma ofanflóðasjóður og Vegagerðin, en þar er um mjög grófar áætlanir að ræða þar sem sundurliðun á t.d. viðhaldi liggur ekki fyrir. Þó er ljóst að sáralitlar vega-nýframkvæmdir standa yfir á Austurlandi í ár. Einnig eru greiðslur vegna búvöruframleiðslu yfir meðaltali, sem undirstrikar mikilvægi landbúnaðar.

Á hinn bóginn eru nokkrir liðir þar sem gjöld eru lægri, t.d. sem varða nokkrar stórar framkvæmdir, atvinnuleysi og laun og rekstrargjöld sem áður hefur verið nefnt. Rannsóknir og þróun eru einnig metin undir. Þar vega endurgreiðslur til fyrirtækja þyngst og ef lítið er til lista Skattsins yfir þau fyrirtæki virðist starfsemi á Austurlandi hverfandi. Miðað er við hlutfall starfandi í tækni- og hugverkaiðnaði.

Gjöld ríkissjóðs á Austurlandi

- M.kr. 2026. Áætlun að því frádregnu hver þau væru ef gjöld dreifðust jafnt á alla íbúa landsins



Heimildir: Fjármálaráðuneytið, mat Kontext. *Miðað við GFS staðal.


Niðurstaðan er að afkoma ríkissjóðs á Austurlandi er jákvæð um tæpa milljón á mann

Samandregna niðurstöðu má sjá hér til hliðar. Tekjur ríkissjóðs af Austurlandi eru 54,2 ma.kr. en gjöld 45,5 ma.kr. þannig að afkoman er 8,7 ma.kr afgangur. Til samanburðar er halli ríkissjóðs skv. fjárlögum 28 ma.kr. Á hvern mann þýðir þetta að afkoman er jákvæð um 800.000. Gerð var lausleg athugun á fjárlagfrumvarpi 2027 og miðað við forsendur þess er afkoman jákvæð um 1 m.kr. á mann. Hækkunin skýrist að mestu af hækkun veiðigjalda.


Ljóst er að þetta mat er háð óvissu, takmörkuðum upplýsingum og ströngum forsendum. Því er gagnlegt að hreyfa þær forsendur til en jafnvel þótt það sé gert virðist meginniðurstaðan halda um að afkoma ríkissjóðs beint frá Austurlandi sé jákvæð. Annars vegar þá er afkoman enn jákvæð ef arðgreiðslum Landsvirkjunar sleppt. Einnig eru hér birt vkmörk sem sýna að afkoman helst enn ríflega jákvæð innan þeirra.

Hafa ber í huga að hér er miðað við ýmsar tölur sem endurspeglar Austurland 2025. Það ár var nær engin loðnuvertíð og uppsjávarafli í heild undir meðallagi. Því er mjög líklegt að ef miðað væri við önnur ár myndu tekjur ríkissjóðs af Austurlandi vera hærri.

Ríkissjóður á Austurlandi 2026
- Ma.kr.



Ríkissjóður á mann 2026
- M.kr.



Heimildir: Fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands, mat Kontext. Miðað við GFS staðal.

Hlúa þarf að samkeppnishæfni Austurlands – fyrir þjóðarhag

Eins og hefur verið rakið með fjölbreyttum hætti hér að framan er Austurland afar sterkt efnahagssvæði. Austurland stendur undir 13% af öllum útflutningi landsins, býr við landsframleiðslu á mann yfir meðaltali, hverfandi atvinnuleysi og skilar að líkindum töluvert meiri tekjum til ríkissjóðs heldur en ríkissjóður ver í landshlutanum. Þetta mikla og mikilvæga framlag er ekki sjálfsagt og það er þjóðhagslega mikilvægt að stuðla að því að það verði áfram sem mest.

Til að efnahagslífið á Austurlandi geti vaxið og dafnað áfram þarf að hlúa að samkeppnishæfni svæðisins í stóru samhengi. Bæði til þess að fyrirtæki skapi verðmæti og til að mannlífið sé blómlegt og þar vilji fólk setjast að. Mannauður er jú grunnur að allri hagsæld og án hugvits eru auðlindir einskis virði. Til að stuðla að samkeppnishæfni Austurlands er nauðsynlegt að hlúa að eftirfarandi:

- Öruggar og greiðar **samgöngur** hvort sem er um hafnir, vegi eða á lofti. Þó að Austurland skili miklu til þjóðarbúsins þá á það allt undir sterku sambandi og viðskiptum við aðra landshluta og útlönd.
- Traustir **innviðir** að öðru leyti, svo sem hvað varða raforkuflutning.
- **Skynsamleg gjaldtaka** og skattlagning sem leggur ekki stein í götu fyrirtækja.
- Öflug þjónusta, þar á meðal **opinber þjónusta**. Þar má nefna gott aðgengi að **menntun** og **heilbrigðisþjónustu**.

